



Reykjavík, 30. mars 2026

MSS26020026

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Efni: Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknarflokksins um að styrkumsókn Samhjalpar verði tekin fyrir á næsta fundi borgaráðs

Á fundi borgaráðs þann 5. febrúar 2026 lagði borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins fram svohljóðandi tillögu um að styrkumsókn Samhjalpar verði tekin fyrir á fundi borgaráðs:

*Borgarfulltrúi Framsóknar óskar eftir því að umsókn Samhjalpar um styrk frá Reykjavíkurborg verði lögð fram á næsta fundi borgaráðs.*

Óskað var umsögn velferðarsviðs um tillöguna með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 25. febrúar 2026.

#### Umsögn:

Kaffistofa Samhjalpar hefur í rúma fjóra áratugi verið ein af lykilstoðum lágpröskuldapjónustu í Reykjavík fyrir einstaklinga sem standa höllum fæti vegna fátæktar, heilsufarsvanda, vímuefnavanda og húsnæðisleysis.

Kaffistofa Samhjalpar er mikilvæg þjónusta fyrir íbúa sem standa höllum fæti og tryggir matar- og öryggisþjónustu fyrir heimilisláusa. Hún er opin alla daga ársins kl. 10-14 og tryggir heitan mat, morgunverð og öruggt aðgengisrými fyrir fólk sem býr við húsnæðisleysi og bág kjör. Hún þjónar gestum neyðar- og gistiskýla sem hafa enga aðra aðkomu að næringu eða félagslegu rými á þeim tíma dags sem úrræði borgarinnar eru lokuð.

Umsókn og fylgigögn sýna fram á verulega aukna fjárhagslega þörf vegna nýs fyrirkomulags þjónustunnar, aukinnar húsaleigu, aukins launakostnaðar og flutningskostnaðar. Gögn velferðarsviðs til stuðnings stefnumótunar Samhjalpar sýna að þörfin er til staðar, bæði í fjölda gesta og fjölda gistinátta í neyðarskýlum borgarinnar. Þetta endurspeglar aukinn samfélagsvanda sem krefst stöðugrar þjónustu af því tagi sem Kaffistofan veitir.

Starfsemin byggir á skaðaminnkandi nálgun, virðingu og valdeflingu notenda og fellur vel að mannréttinda- og velferðarstefnu borgarinnar. Hún er lykilhluti þess að tryggja að



Reykjavík



fólk með miklar og flóknar þjónustubarfir fái samfellda, daglega þjónustu og þægilegan viðkomustað sem dregur úr áhrifum fátæktar og félagslegrar einangrunar.

Samhjálp hefur tekið upp nýtt fyrirkomulag á þjónustunni með því að taka á leigu sérstakt framleiðslueldhús og nýtt þjónustuhúsnæði að Grensásvegi 46, sem leiðir til hærri rekstrarkostnaðar en áður.

Helstu kostnaðarhækkunarir eru:

- hærri húsaleiga (hækkun um 17 m.kr. á ári)
- aukin mönnun (tæp 17,3 m.kr. á ári)
- flutnings og standsetningarkostnaður árið 2025 (35 m.kr.)

Þetta fyrirkomulag mun þó auka fagmennsku í matargerð, bæta nýtingu hráefna, skapa rými fyrir dagvist og virkni og bæta aðstöðuna fyrir samstarf við fagteymi borgarinnar.

Í rökstuðningi velferðarráðs 17. febrúar 2026 kom fram að umsókn Samhjalpar fyrir árið 2026 hlaut 28,33 stig af 100, sem var undir þeim mörkum sem almennt voru notuð við úthlutun (50 stig). Samt sem áður var tekið fram að umsækjandi geti sótt um aftur fyrir árið 2027. Mikilvægt er að áréttu að stigamat endurspeglar takmarkaðan fjárhagsramma styrkja, en ekki að Kaffistofan sé óþarfa eða lítt mikilvæg þjónusta. Þvert á móti sýna öll gögn að þjónustan er ómissandi í heildarumgjörð félags- og velferðarþjónustu borgarinnar. Áhersla úthlutunar styrkja frá velferðarráði í ár var á börn í viðkvæmri stöðu og þjónustu við börn.

Velferðarsvið telur að:

- Kaffistofa Samhjalpar veitir borgarbúum í mestri neyð þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélags í málefnum heimilislausra og fátækra.
- Þjónustan léttir verulega álagi af öðrum úrræðum borgarinnar, s.s. gistiskýlum, bráðþjónustu og heilbrigðiskerfi.

Velferðarsvið leggur áherslu á mikilvægi þess að rekstur Kaffistofu Samhjalpar sé tryggður til framtíðar, enda veitir hún þjónustu sem skiptir sköpum fyrir einstaklinga sem búa við húsnæðisleysi, fátækt, vímuefnavanda og veikindi. Í ljósi umfangsmikilla rekstrarbreytinga Samhjalpar er þó nauðsynlegt að útfæra nánari rekstrarlegar forsendur og fjármögnun áður en gengið er frá langtímasamningi.

Velferðarsvið leggur því til að borgarráð taki jákvæða afstöðu til áframhaldandi samstarfs og mögulegrar þátttöku í fjármögnun Kaffistofunnar.

